

Topplistar útlána 2019

Greinargerð

1. Inngangur

Topplistar útlána eru listar yfir vinsælustu titlana í aðildarsöfnum Gegnis. Elstu topplistarnir eru frá árinu 2013. Endurskoðun á framsetningu topplistanna gera öllum kleift að skoða það sem mest er lánað út í bókasöfnum eftir safnaflokkum, landsvæðum, efnisflokkum og árum (frá 2013) og ársfjórðungum (frá 2017).

Topplistar útlána eru annars vegar öllum aðgengilegir á vef Landskerfis bókasafna, <http://landskerfi.is> undir „Um okkur“ -> [Vinsælustu titlarnir](#) og hins vegar aðgengilegir innskráðum á þjónustuvef undir [Topplistar](#). Á opna vefnum er hægt að skoða upplýsingar um safnahópa en einungis innskráð starfsfólk bókasafna geta skoðað tölur fyrir einstök söfn.

Vegna villu hefur safnahópurinn háskólar- og sérfræðisöfn verið fjarlægður tímabundið úr felliglugganum fyrir safnahópa. Villan hefur engin áhrif á topplista einstakra safna heldur einungis á hópinn sem heild.

Ítarleg greinargerð er um topplistanna er í 3. kafla hér að neðan.

2. Vinsælast

Bókfræðiupplýsingar í Gegni eru flokkaðar eftir tegund efnis eða bókfræðisniði t.d. bækur, tímarit, tónlist og svo framvegis. Vert er að hafa í huga að það eru margfalt fleiri eintök tengd á hvern tímaritstitil heldur en bókartitil. Fjöldi eintaka sem tengd eru ákveðnum titli hefur afgerandi áhrif á mögulegan fjölda útlána. Þetta má glögggt sjá þegar topplistar útlána fyrir allt efni eru skoðaðir. Tímaritstitlar eru í efstu sætunum.

Mynd 1: Mest lánuðu titlar í Gegni 2019

Safnflokkur	Landsvæði	Ár/Ársfjórðungur
Allt	Allt	2019
Efnisflokkur	Lengd lista	
Allt	10	
<button>Skoða</button>		
Titill	Útlán	
(1) Myndasögusyrpa = Syrpa. (1994)	13.057	
(2) Víkan 2019. (2019)	12.365	
(3) Hús og hliðir (1972)	8.555	
(4) Víkan 2018. (2017)	8.236	
(5) Myndasögusyrpa 2018 = Syrpa 2018. (2018)	5.884	
(6) Dagbók Kidda klauða : leymikotinn / Jeff Kinney (2018)	5.440	
(7) Handbók fyrir ofurhetjur. Þriðji hluti, Alein / Elias & Agnes Váhlund (2018)	5.115	
(8) Femina. (1952)	5.064	
(9) Dagbók Kidda klauða / Jeff Kinney (2009)	4.970	
(10) Gestgjafinn : tímarit um mat. (1981)	4.801	

Þegar topplistar yfir vinsælustu bækurnar árið 2019 í öllum bókasöfnunum eru skoðaðir er greinilegt að efni fyrir börn er vinsælast. Barnabækur eru núna í 24 efstu sætunum og þar af vermir „Dagbók Kidda klaufa“ með mismunandi undirtitlum flest efstu sætin. Í fyrsta skipi í mörg ár fær Kiddi klaufi þó smá samkeppni en titlar úr bókaröðinni „Handbók fyrir ofurhetjur“ eftir Elias og Agnes Váhlund skipa sér í fjórða og áttunda sætið. Vinsælasta fullorðinsbókin að þessu sinni er „Stúlkan hjá brúnni“ eftir Arnald Indriðason sem er í 24. sæti yfir mest lánuðu titlana.

Mynd 2: Vinsælustu bækurnar í Gegni 2019

Safnflokkur	Landssvæði	Ár/Ársfjórðungur
Allt	Allt	2019
Efnisflokkur	Lengd lista	
Bækur	50	
Skoða		
Titill	Útlán	
(1) Dagbók Kidda klaufa : leynikofinn / Jeff Kinney (2018)	5.448	
(2) Handbók fyrir ofurhetjur. Þriðji hluti, Alein / Elias & Agnes Váhlund (2018)	5.115	
(3) Dagbók Kidda klaufa / Jeff Kinney (2009)	4.970	
(4) Handbók fyrir ofurhetjur. Annar hluti, Rauða gríman / Elias & Agnes Váhlund (2018)	4.782	
(5) Dagbók Kidda klaufa : svakalegur sumarhiti / Jeff Kinney (2012)	4.650	
(6) Dagbók Kidda klaufa : tómtes vesen / Jeff Kinney (2013)	4.567	
(7) Dagbók Kidda klaufa : kaldur vetur / Jeff Kinney (2014)	4.471	
(8) Handbók fyrir ofurhetjur. Fyrsti hluti, Handbókin / Elias & Agnes Váhlund (2017)	4.449	
(9) Dagbók Kidda klaufa : ekki í herinn! 3 / Jeff Kinney (2011)	4.398	
(10) Dagbók Kidda klaufa : besta ballið / Jeff Kinney (2015)	4.308	
(11) Dagbók Kidda klaufa : furðulegt ferðalag / Jeff Kinney (2017)	4.272	
(12) Dagbók Kidda klaufa : Röbbi rokkar / Jeff Kinney (2010)	4.135	
(13) Þín eigin saga. 2, Börn Loka / Ævar Þór Benediktsson (2018)	4.116	
(14) Dagbók Kidda klaufa : hundaheppni / Jeff Kinney (2016)	4.032	
(15) Þín eigin saga. 1, Búkolla / Ævar Þór Benediktsson (2018)	4.031	
(16) Siggí sítróna / Gunnar Helgason. (2018)	3.860	
(17) Binna B. Bjarna : tjaldpartí / höfundur Sally Rippin (2018)	3.833	
(18) Binna B. Bjarna : djúpa laugin / höfundur Sally Rippin (2018)	3.766	
(19) Handbók fyrir ofurhetjur. Fjórði hluti, Vargarnir koma Elias & Agnes Váhlund (2019)	3.692	
(20) Heyrðu Jónsil! : gístivínir / höfundur Sally Rippin (2018)	3.350	
(21) Verstu börn í heimi. 2 / David Walliams (2018)	3.266	
(22) Heyrðu Jónsil! : barnapiúkúnstir / höfundur Sally Rippin (2018)	3.233	
(23) Heyrðu Jónsil! : reiðtúrinn / höfundur Sally Rippin (2018)	3.193	
(24) Stúlkan hjá brúnni / Arnaldur Indriðason. (2018)	3.166	
(25) Verstu börn í heimi / David Walliams (2017)	3.165	

Boðið er upp á safnalista eftir ársfjórðungum. Þegar listarnir eru skoðaðir eftir ársfjórðungum er ljóst að fjölbreytileikinn í lestrarmynstri og útlánnum er mjög breytilegur eftir árstíðum. Á næstu síðu má sjá fimm vinsælustu bækurnar í flokknum fullorðins efni í almenningsbókasöfnum á Höfuðborgarsvæðinu eftir ársfjórðungum 2019. Þegar þessar fjórar myndir eru bornar saman sést töluverð samfella á milli tímabilanna enda eru sex bækur sem koma fyrir tvisvar sinnum eða oftar. Þrátt fyrir þetta er má sjá þróun útlánunum þar engar af bókunum í fyrsta ársfjórðungi er að finna í seinasta ársfjórðungnum.

Mynd 3: Mest lánuðu fullorðinsbækurnar í almenningubókasöfnum á Höfuðborgarsvæðinu eftir ársfjórðungum 2019

janúar – mars 2019	apríl – júní 2019
(1) Ungfrú Ísland / Auður Ava Ólafsdóttir. (2018)	(1) Ungfrú Ísland / Auður Ava Ólafsdóttir. (2018)
(2) Hornauga / Ásdís Halla Bragadóttir. (2018)	(2) Stúlkan hjá brúnni / Arnaldur Indriðason. (2018)
(3) Stúlkan hjá brúnni / Arnaldur Indriðason. (2018)	(3) Hornauga / Ásdís Halla Bragadóttir. (2018)
(4) Þorpið / Ragnar Jónasson. (2018)	(4) Gullbúrið / Camilla Läckberg (2019)
(5) Henny Hermanns - vertu stillt! / Margrét Blöndal. (2018)	(5) Sextíu kíló af sólskinu / Hallgrímur Helgason. (2018)
júlí – september 2019	október – desember 2019
(1) Gullbúrið / Camilla Läckberg (2019)	(1) Þú og ég, alltaf / Jill Mansell (2019)
(2) Sumareldhús Flóru / Jenny Colgan (2019)	(2) Gullbúrið / Camilla Läckberg (2019)
(3) Dalalíf / Guðrún frá Lundi. (2016)	(3) Sumareldhús Flóru / Jenny Colgan (2019)
(4) One piece / story and art by Eiichiro Oda (2003)	(4) Svört perla / Liza Marklund (2019)
(5) Svört perla / Liza Marklund (2019)	(5) Annabelle / Lina Bengtsdóttir (2019)

3. Forsendur

Grunnurinn að topplísum útlána byggir á samtengingu bókfræðiupplýsinga og Útlánaupplýsinga í Gegni. Safnað er saman útlánum allra eintaka hvers titils / bókfræðifærslu á hverju aðildarsafni Gegnis til að fá heildarútlán hvers titils fyrir valið ár.

Titill → Safn → Eintök → Útlán → Ár = Heildarútlán titils á ári

Tölulegar upplýsingar geta aldrei orðið betri en gögnin sem þær byggja á. Topplistar útlána eru rýndir eins vel og kostur er en samt sem áður er ekki hægt að tryggja að undirliggjandi gögn séu rétt. Aðildarsöfn Gegnis bera ábyrgð á að skoða topplista fyrir sitt safn og ber þeim að tilkynna til Landskerfis bókasafna um villur eða annað sem ekki stemmir.

Athugið að endurnýjanir teljast sem útlán. Stundum getur verið villandi að átta sig á útlánum á titli með eintaki sem hefur verið endurnýjað oft yfir langt tímabil.

Upplýsingar um titla byggja á bókfræðiskráningu en fyrir utan titilupplýsingar er bókfræðisnið (þ.e.a.s. hvort um er að ræða bók, tímarit eða annað efni) og kóðar úr „008“ stýrisviði bókfræðifærslunnar lagðir til grundvallar við talningu. Talningar eru byggðar á bókfræðifærslum en hver titill getur hugsanlega átt sér margar bókfræðifærslur. Margfaldar bókfræðifærslur byggja á mismunandi útgáfum, mismunandi sniði eins og bók, hljóðbók og svo framvegis. Þegar topplistarnir eru skoðaðir kemur eflaust margt spáskt fyrir sjónir, eins og að margar bókfræðifærslur eru fyrir vinsælustu titlana svo sem „Myndasögusyrpa“ með mismunandi ártölum. Oft er álitamál hvernig skuli kóða efni og einnig geta verið villur í kóðuninni. Þá þarf að skoða sérstaklega það sem stingur í stúf og meta hvort breyta eigi bókfræðiskráningunni fyrir seinni tíma úrvinnslu.

Vinsælasta efnið á bókasöfnunum er spennandi rannsóknarefni og vekur áhuga hjá fleirum en aðildarsöfnum Gegnis eins og t.d. fjölmiðlum og stjórnsýslu. Út frá upplýsinga- og

persónuverndarsjónarmiðum telur Landskerfi bókasafna ekki stætt á því að hafa upplýsingar um einstök söfn á opnum vef. Til að koma til móts við aðra hagsmunaaðila en aðildarsöfn Gegnis var ákveðið að flokka söfnin saman í hópa eftir safnategund og landssvæðum auk efnisflokka sem eru grunnþáttur í kerfislegri högun topplistanna og gera þá öllum aðgengilega.

3.1 Efnisflokkar

Efnisflokkar topplista byggja á bókfræðilegum upplýsingum sem skráðar eru fyrir hvern titil í kerfinu. Bókfræðilegar upplýsingar í Gegni eru skráðar í marksniði, samkvæmt bandaríska MARC 21 staðlinum, <http://www.loc.gov/marc/>.

Tafla 1: Bókfræðisnið í Gegni

Bókfræðisnið	Kóði
Bækur	BK
Tímarit	SE
Hljóðbækur	HB
Myndefni	VM
Tónlist	MU
Samsett gögn, þrjú eða fleiri ytri form	MX
Tölvugögn	CF
Kort	MP
Handrit	MA

Greining efnisflokka er annars vegar byggð á bókfræðisniði þ.e.a.s. hvort um bók, tímarit, myndefni eða annars konar efni sé að ræða, sjá töflu 1 sem sýnir möguleg bókfræðisnið í Gegni. Hægt er að sjá nánari skilgreiningu á bókfræðisniðum í Handbók skrásetjara Gegnis, <https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=format-007-kodar>.

Hins vegar byggja efnisflokkarnir á upplýsingum úr stýrisviði 008 sæti 22 en þar eru skráðar upplýsingar um notendahóp, þ.e.a.s. hvort efni er ætlað börnum, fullorðnum og svo framvegis. Í töflu 2 er forsendum fyrir talningu útlána eftir efnisflokkum lýst. Hægt er að sjá nánari skilgreiningu á notendahópum í Handbók skrásetjara Gegnis í kaflanum um 008 stýrisviðið, <https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=008-svid-lagmarkskodun>.

Tafla 2: Forsendur fyrir efnisflokka topplista

Efnisflokkur	Bókfræðisnið	Stýrisvið 008
Allt efni	Engar bókfræðitakmarkanir	
Bækur	„BK“ eða bækur	
Tímarit	„SE“ eða tímarit	
Ekki bækur né tímarit	Hér er talning útlána miðuð við bókfræðisnið sem eru ekki bækur né tímarit. Þetta eru: - Hljóðbækur (HB) - Myndefni (VM) - Tónlist (MU) - Samsett gögn, þrjú að fleiri ytri form (MX) - Tölvugögn (CF) - Kort (MP)	

	- Handrit (MA)	
Fullorðinsefni	bækur (BK) og hljóðbækur (HB)	sæti 22 = e
Unglingaefni	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = j
Barnaefni	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = b
Smábarnaefni	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = a
Kennsluefni framhaldsskóla	Öll bókfræðisnið (bækur, tímarit og fleira)	sæti 22 = d
Kennsluefni grunnskóla	Öll bókfræðisnið	sæti 22 = c

3.2 Safnakóðar

Safnakóðar í Gegni eru settir saman úr fimm bókstöfum. Fyrstu þrír stafirnir vísa til heiti bókasafns, fjórði stafur vísar í safnategund og fimmti stafurinn vísar í kerfislega skiptingu safnanna sem byggir bæði á landssvæðum og hlutverki safnanna. Til dæmis er Amtsbókasafnið á Akureyri með safnakóðann AMAAN. Fyrstu þrír „AMA“ vísar í heiti safnsins, fjórði stafur „A“ vísar í það að Amtsbókasafnið er almenningabókasafn og lokum „N“ sem vísar í landsvæðið Norðurland.

Tafla 3: Uppbygging safnakóða - Amtsbókasafnið á Akureyri = AMAAN

Sæti	Bókstafir	Vísar í:
1-3	AMA	Heiti safns = Amtsbókasafnið
4	A	Safnategund = Almenningsbókasafn
5	N	Landsvæði = Norðurland

Tafla 4: Uppbygging safnakóða - Myllubakkaskóli = MYLGS

Sæti	Stafur	Vísar í:
1-3	MYL	Heiti safns = Myllubakkaskóli
4	G	Safnategund = Grunnskólar
5	S	Landsvæði = Suðurland

3.3 Safnaflokkar

Safnaflokkar byggja á auðkenningu safns samkvæmt 4 staf í safnakóða. Eftirfarandi safnategundir eru skilgreindar í Gegni.

Tafla 5: Skilgreining fjórða stafs í safnkóða

4. STAFUR Í SAFNAKÓÐA	
Stafur	Safnategund
A	Almenningsbókasafn
E	Einkarekinn skóli
F	Framhaldsskólasafn
G	Grunnskólasafn
H	Háskólasafn
J	Skjalasafn
M	Læknisfræðibókasafn
P	Félagasamtök
R	Sérfræðibókasafn
T	Stjórnsýslusöfn

Nokkrum safnategundum er steyppt saman til þess að ná fram stærri safnaflokkum. Það er gert til þess að koma í veg fyrir að einungis eitt eða tvö söfn séu í flokki en þá yrðu upplýsingarnar greinanlegar niður á einstök söfn. Undir háskóla- og sérfræðisöfn eru söfn sem auðkennd eru sem læknisfræðibókasöfn, skjalasöfn, söfn félagasamtaka, stjórnsýslusöfn auk háskóla- og sérfræðisafna.

Tafla 6: Skilyrði flokkunar í safnategundir eftir fjórða staf í safnakóða

4. STAFUR Í SAFNAKÓÐA	
Stafur	Safnategund
A	Almenningssöfn
F	Framhaldsskólasöfn
G + E	Grunnskólasöfn
H + R + M + P + T + J	Háskóla- og sérfræðisöfn

3.4 Landsvæði

Landsvæði byggja á auðkenningu safns samkvæmt fimmta staf í safnakóða. Eftirfarandi auðkenni eru skilgreind í fimmta staf safnakóða í Gegni:

Tafla 7: Skilgreining fimmta stafs í safnakóða

5. STAFUR Í SAFNAKÓÐA		
Stafur	Stjórnunareining	Kóði
A	Almenningsbókasöfn	ICE53
F	Framhaldsskólar	ICE53
G	Grunnskólar	ICE55
H	Háskólabókasöfn	ICE51
K	Hí Menntavísindasvið	ICE52
L	Landsbókasafn Íslands	ICE50
N	Norðurland	NOR50
P	Félagasamtök	ICE59
R	Sérfræðisöfn	ICE56
S	Suðurland	SUD50
T	Stjórnsýslusöfn	ICE57
U	Austurland	AUS50
V	Vesturland	VES50

Til þess að ná fram kerfislegu hagræði er bókasöfnunum í Gegni raðað niður í svonefndar stjórnunareiningar sem vísa í fimmta staf safnakóða. Í megindráttum er söfnum utan höfuðborgarsvæðisins skipt niður í flokka eftir landshlutum en söfn á höfuðborgarsvæðinu er skipt í stjórnunareiningar eftir eðli eða tegund safnsins eins og almenningsbókasöfn eða sérfræðibókasöfn. Hérna er fyrst og fremst um kerfislega högun að ræða sem hefur engin áhrif á leit en er sýnileg starfsfólki bókasafnanna í útlánabætti Gegnis. Á vef Landskerfis bókasafna er hægt að sjá í hvaða stjórnunareiningu safn tilheyrir, <https://www.landskerfi.is/um-okkur/bokasofnin>.

Til þess að ná fram skiptingu eftir landshlutum var öllum stjórnunareiningunum nema Norðurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum, Austurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum safnað undir eitt hatt, Höfuðborgarsvæðið, sjá töflu 8.

Tafla 8: Skipting safna / stjórnunareininga í landshluta

5. STAFUR Í SAFNAKÓÐA	
Stafur	Landsvæði
A + F + G + K + R + P + L + H + T	Höfuðborgarsvæðið
N	Norðurland
S	Suðurland og Suðurnes
U	Austurland
V	Vesturland og Vestfirðir

Veigamestu undantekningar á skiptingu safna í landshluta varða háskóla landsins. Fjórar stjórnunareiningar hafa háskóla innan borðs. Það er misjafnt hvort háskólar tilheyra sínu landsvæði, t.d. tilheyrir Háskólinn á Akureyri stjórnunareiningunni „Norðurlandi“ en Háskólinn á Hólum stjórnunareiningunni „Háskólabókasöfn“, sjá töflu 9.

Tafla 9: Skipting háskólabókasafna eftir stjórnunareiningum

Stjórnunareining	Bókasöfn
Háskólabókasöfn	Listaháskóli Íslands Háskólinn í Reykjavík Landbúnaðarháskólinn Háskólinn á Bifröst Háskólinn á Hólum
HÍ Menntavísindasvið	Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Landsbókasafn Íslands	Háskóli Íslands
Norðurland	Háskólinn á Akureyri

3.5 Ár/ársfjórðungar

Til þess auka notagildi topplistanna er nú hægt að kalla fram topplista fyrir ársfjórðunga til viðbótar við heil ár.

4. Val á topplistum

Topplistar útlána eru aðgengilegir á vef Landskerfis bókasafna. Gerður er greinarmunur á því hvort verið sé að skoða einstök söfn, mismunandi safnaflokka eða landið í heild. Annars vegar eru topplistar þar sem söfn eru flokkuð saman eru öllum opnir á vefnum. Hins vegar geta innskráð starfsfólk bókasafnanna nálgast topplista einstakra safna á þjónustuvef Landskerfis bókasafna.

4.1 Topplistar bókasafna á opnum vef

Topplistar fyrir Gegni sem eru öllum opnir og án innskráningar.




Þar er hægt að velja eftirfarandi.

Safnflokkur	Landssvæði	Ár/Ársfjórðungur
Almenningssöfn ▾	Norðurland ▾	2016 apr-jún ▾
Efnisflokkur	Lengd lista	
Bækur ▾	10 ▾	

Skoða

4.2 Topplistar einstakra safna á þjónustuvef

Topplistar fyrir Gegni þar sem tölur eru greindar niður á einstök söfn eru á þjónustuvefnum og til þess að geta skoðað þær er nauðsynlegt að vera innskráður.



Til þess að velja bókasafn þarf að slá inn í línuna **Bókasafn** eitt af eftirtöldu

- upphaf á heiti bókasafns
- strengur innan úr nafni bókasafns
- safnkóði bókasafnsins
- ef ekkert bókasafn er valið þá birtast topplistar fyrir Gegni sem heild

Bókasafn


Háskólinn í Reykjavík (HREHH)

Það þarf að velja bókasafnið með músinni.

4.3 Val á topplistum -> Einstök söfn

Einungis innskráð starfsfólk bókasafnanna getur nálgast topplista einstakra safna á þjónustuvef Landskerfis bókasafna. Topplistar fyrir einstök söfn eru aðgengileg undir „Topplistar -> [Einstök söfn](#)“

Þá er að velja eina breytu úr hverjum flokki.

Ár/Ársfjórðungur	Efnisflokkur	Lengd lista
2017	Allt	10
2017	Allt	10
2017 jan-mar	Barnaefni	50
2017 apr-jún	Bækur	100
2017 júl-sep	Ekki tímarit og bækur	200
2017 okt-des	Fullorðinsefni	
2016	Kennsluefni framhaldsskóla	
2016 jan-mar	Kennsluefni grunnskóla	
2016 apr-jún	Smábarnaefni	
2016 júl-sep	Tímarit	
2016 okt-des	Unglingaefni	
2015		
2015 jan-mar		
2015 apr-jún		
2015 júl-sep		
2015 okt-des		
2014		
2014 jan-mar		
2014 apr-jún		
2014 júl-sep		
2014 okt-des		

Þegar búið er að velja það leitað er eftir er smelt á [Skoða](#) neðst á síðunni.

Hafi ekkert bókasafn verið valið eru birtar tölur fyrir öll bókasöfnin / Gegni sem heild.

Bókasafn

Veldu bókasafn. Ef autt þá skilar kerfið topplista á landsvísu



4.3 Frekari úrvinnsla

Ef vinna á frekar með efni töflunnar er auðvelt að færa þær yfir í Excel með því að smella á **grænu** táknmyndina fyrir neðan töfluna.

Bókasafn	
Amtsbókasafnið Akureyri (AMAAN)	
Ár/Ársfjórðungur 2019	Efnisflokkur Unglingaefni
Lengd lista 10	
Skoða	
Titill	Útlán
(1) Harry Potter og viskusteininn / J. K. Rowling (1999)	125
(2) Harry Potter og leyniklefinn / J.K. Rowling (2000)	82
(3) My hero academia / story & art Kohei Horikoshi (2014)	73
(4) Ljónið / Hildur Knútsdóttir. (2018)	60
(5) Rotturarnar / Ragnheiður Eyjólfsdóttir. (2018)	55
(6) One-punch man / story by One (2015)	52
(7) Rick and Morty / created by Dan Harmon and Justin Roiland. (2015)	52
(8) Hyldýpið / Camilla Sten & Viveca Sten (2018)	48
(9) Harry Potter og Föniksreglan / J.K. Rowling (2003)	46
(10) Artemis Fowl / Eoin Colfer (2001)	45

Svona lítur Excel-taflan út.

Landskerfi bókasafna - bókasafnskerfið Gegnir:	
Útlánatölur. Topplisti útlána 2019. 10 efstu.	
Tegund efnis: Unglingaefni	
	Útlán
	125
(2) Harry Potter og leyniklefinn / J.K. Rowling (2000)	82
(3) My hero academia / story & art Kohei Horikoshi (2014)	73
(4) Ljónið / Hildur Knútsdóttir. (2018)	60
(5) Rotturarnar / Ragnheiður Eyjólfsdóttir. (2018)	55
(6) One-punch man / story by One (2015)	52
(7) Rick and Morty / created by Dan Harmon and Justin Roiland. (2015)	52
(8) Hyldýpið / Camilla Sten & Viveca Sten (2018)	48
(9) Harry Potter og Föniksreglan / J.K. Rowling (2003)	46
(10) Artemis Fowl / Eoin Colfer (2001)	45

5. Rafbókasafnið

Ekki er mögulegt að samþætta upplýsingar úr Rafbókasafninu og Gegni. Bókaval í Rafbókasafninu og aðgengi efnis er eðli samkvæmt gerólikt útlána í hefðbundnum bókasöfnum. Myndin hér að neðan sýnir vinsælustu titlana árið 2019.

Vinsælustu bækur Rafbókasafnsins 2019



6. Lokaorð

Grunnurinn að topplísum útlána og ýmiskonar annarri gagnavinnslu byggir á gagnamódeli sem Landskerfi bókasafna hefur þróað. Gagnamódelið eykur mjög á möguleika á vinnslu og framsetningu tölfræðinnar. Annað verkefni sem byggir á módelinu er árslokátölfræði fyrir aðildarsöfn Gegnis.

Greining á bókfræðigrunni Gegnis er grunnurinn að úrvinnslu fyrir greinargerðir sem birtar hafa verið á vef Landskerfis bókasafna og kallast „Tölur úr bókfræðigrunni Gegnis, greinargerð um söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga til ársloka xxxx“.

Reykjavík í febrúar 2012

Sigrún Hauksdóttir